

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *14. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 1. febrúar 2007, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti v/Heiði.
3. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 24. jan. v/Dettifossvegur.
4. Bréf frá Pétri Snæbjörnssyni dags. 25. jan. n/bílastæða.
5. Uppsagnarbréf.
6. Erindi frá Sýslumanni dags. 25. jan. v/breytinga á ábyrgðamanni á rekstri gistingar á einkaheimili að Skútustöðum 2b.
7. Heilsugæslumál.
8. Umhverfismál.

#### Til kynningar:

Afrit af bréfum Landgræðslunnar dags. 19. jan. til landeigenda á Skútustöðum v/afhendinar á landgræðsluvæði á Kolatorfum.

Afrit af bréfum Landgræðslunnar dags. 19. jan. til landeigenda Reykjahlíðar v/afhendingar á landgræðsluvæði við Nýjahraun.

Afrit af bréfum Landgræðslunnar dags. 19. jan til landeigenda í Vogum v/afhendingar á landgræðsluvæði í suðurhluta Heiðarsporðargirðingar.

Afrit af bréfi UST dags. 24. jan. til Magnúsar Skúlasonar v/fyrirspurnar á stækkun Hótelis Gígs.

Fundargerð Eypings dags. 5. jan.

Fundargerð Eypings með þingmönnum NE. dags. 11. jan.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7 og 8 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Landbúnaðarráðuneyti v/Heiði.**

Borist hefur svar Landbúnaðarráðuneytisins dags 18. janúar vegna fyrirhugaðra kaupa Skútustaðahrepps á eignarhlut ríkisins í jörðinni Heiði. Áður hafði sveitarfélagið farið fram á endurmat kaupverðs. Frestað til næsta fundar.

**3. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 24. jan. v/Dettifossvegar.**

Borist hefur svar Skipulagsstofnunar vegna erindis Skútustaðahrepps frá 5. jan. þar sem sveitarfélagið óskaði eftir meðmælum stofnunarinnar á veitingu framkvæmdaleyfis fyrir 1. áfanga að nýjum Dettifossvegi. Skipulagsstofnun hafnar að mæla með framkvæmdakvæmdaleyfinu. Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram.

**4. Bréf frá Pétri Snæbjörnssyni dags. 25. jan. n/bílastæða.**

Borist hefur erindi frá Pétri Snæbjörnssyni þar sem hann óskar eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að gert verði langtímabílastæði í Reykjahlíð. Ástæðan er vaxandi umferð einkabíla í Mývatnssveit og gestir sem hyggi á dags gönguferðir eða nokkura daga ferðir inn á hálendið geti í raun hvergi lagt bílum sínum. Þetta geri það að verkum að bílastæði fyrirtækja og jafnvel einkaheimila eru full af farartækjum vandalauss fólks sem ekki eru að eiga önnur viðskipti en að leggja bílum sínum. Kveður stundum svo rammt að, að ekki er fært að kirkjunni. Bréfitari veltir fyrir sér hvort ekki sé hægt að bregðast við til bráðabyrgða á meðan mörkuð er framtíðarstefna í þessum málum.

Sveitarstjórn samþykkir að kanna með hvaða hætti hægt sé að leysa býnasta vandann.

**5. Uppsagnarbréf.**

Borist hefur bréf frá Herdísí Steingrímsdóttur þar sem hún segir starfi sínu við heimilshjálp lausu frá og með 1. febrúar 2007.

**6. Erindi frá Sýslumanni dags. 25. jan. v/breytinga á ábyrgðamanni á rekstri gistingar á einkaheimili að Skútustöðum 2b.**

Borist hefur erindi frá Sýslumanni þar sem hann óskar umsagnar sveitarstjórnar á nafnbreytingu á ábyrgð á rekstri gistingar á einkaheimili að Skútustöðum 2b.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við Ásta Lárusdóttir taki við rekstrinum af Birni Yngvasyni.

**7. Heilsugæslumál.**

Dagbjört fór yfir málefni heilsugæslunnar og ítekaði nauðsyn þess að þrýsta á heilbrigðisyfirvöld um úrbætur í húsnæðismálum, þar sem um algjört ófremdarástand væri að ræða.

**8. Umhverfismál.**

Dagbjört sagði frá áhugaverðri heimsókn til Grænna lausna. Einnig frá kynningu á Grænfánaverkefni sem verið er að vinna í Reykjahlíðaskóla. Í kjölfarið spunnust umræður um flokkun sorps og ýmislegt annað sem því fylgir.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.